

Félagsmálaráðuneytið kt. 521218-0610 og Hafnarfjarðarkaupstaður kt. 590196-7579 gera með sér eftirfarandi samkomulag vegna innleiðingar tilraunaverkefnis um framkvæmd félagslegrar ráðgjafar sem sérstaklega snýr að skilnaðarráðgjöf sbr. 17. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

1. gr.

Skilgreining verkefnis

Markmið samkomulagsins er að innleiða og þróa nýtt vinnulag í samstarfi félagsmálaráðuneytisins og Hafnarfjarðarkaupstaðar. Verkefnið snýr að eflingu félagslegrar ráðgjafar með áherslu á skilnaðar-, forsjár- og umgengnismál. Um er að ræða fyrirbyggjandi ráðgjöf til að koma í veg fyrir og/eða draga úr ágreiningi foreldra í skilnaðarferli. Um tilraunaverkefni er að ræða.

2. gr.

Fyrirkomulag

Með undirritun samkomulagsins skuldbindur Hafnarfjarðarkaupstaður sig til að tryggja að viðeigandi starfsmenn innan félagsþjónustu fái svigrúm til þátttöku í verkefninu, veitingu félagslegrar ráðgjafar auk nauðsynlegrar endurmenntunar. Félagsmálaráðuneytið tryggir innleiðingu verkefnisins hvað varðar kostnað vegna samninga, annars vegar við danska fyrirtækið Samarbejde Efter Skilsmisse (SES) og hins vegar við íslenska sérfræðinga sem hafa umsjón með innleiðingu verkefnisins á Íslandi, þ.m.t. þýðingu efnis, fræðslu og handleiðslu til starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar. Tengiliður félagsmálaráðuneytisins er Halldóra Dröfn Gunnarsdóttir, sérfræðingur á skrifstofu barna- og fjölskyldumála í ráðuneytinu.

3. gr.

Gildistími samkomulags

Gildistími samkomulags er frá og með 1. febrúar 2020 til 31. desember 2020. Af samkomulagi þessu skulu gerð tvö samhljóða eintök og telst hvert um sig fullgilt frumrit sammingsins. Eitt eintak skal vera í vörslu Hafnarfjarðarkaupstaðar og eitt eintak í vörslu félagsmálaráðuneytisins.

Reykjavík, 30. janúar 2020

F.h. félagsmálaráðuneytis

F.h. Hafnarfjarðarkaupstaðar

